

### 3. grein – Leikmennirnir: Fjöldi skiptinga

Núverandi texti:

#### 2. Fjöldi skiptinga

##### Opinber mót

Að hámarki fimm skiptingar eru heimilar í leikjum sem leiknir eru í opinberum mótum skv. ákvörðun FIFA, álfusambandsins, eða aðildarsambandsins, nema í mótum karla og kvenna þar sem í hlut eiga meistaraflokkar félaga í efstu deild eða A-landslíð, en þar eru að hámarki leyfðar þrjár skiptingar.

Ákvæði til bráðabirgða:

*Mótshaldarar eiga þess kost að nýta annað hvort eða bæði eftirfarandi heimildarákvæða:*

- *Á meðan á leik stendur má hvort lið:*
  - *nota að hámarki fimm skiptingar*
  - *nota að hámarki þrjá leikstöðvanir til skiptinganna\**
  - *einnig nýta leikhléið til skiptinganna*
- *Sé leikur framlengdur má hvort lið:*
  - *nota einn varamann til viðbótar (hvort sem liðið hafi áður fullnýtt fimm skiptinga hámarksheimildina eða ekki)*
  - *nota eina viðbótar leikstöðvun til skiptinganna\*(hvort sem liðið hafi áður fullnýtt þriggja leikstöðvana hámarksheimildina eða ekki)*
  - *einnig skipta leikmönnum inn á:*
    - ✓ *í hléinu fyrir upphaf framlengingar*
    - ✓ *í hálfleik framlengingar*

*Hafi lið ekki nýtt hámarksfjölda skiptinga, eða hámarksfjölda leikstöðvana til skiptinga, er því heimilt að nýta ónotaðar skiptingar, eða leikstöðvanir til skiptinga, í framlengingunni.*

*\*Ef bæði lið gera skiptingar á sama tíma telur það sem leikstöðvun til skiptinga hjá báðum liðum.*